206. fundur Kirkjugarðaráðs

Haldinn í safnaðarheimili Landakirkju í Vestmannaeyjum

Föstudaginn 23. ágúst 2024.

Mætt voru: Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands sem stýrði fundi, Ragnhildur Benediktsdóttir fyrrverandi skrifstofustjóri Biskupsstofu, fulltrúi biskups og formaður ráðsins, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjuþings, Sigurgeir Skúlason starfsmaður kirkjugarðaráðs, Ágústa Erlingsdóttir nýr framkvæmdarstjóri kirkjugarðaráðs og Rúnar Leifsson forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. *Fundur settur kl. 16:00.* Fundargerð 205. fundar lögð fram og samþykkt.
2. *Ársreikningur Kirkjugarðasjóðs árið 2023.* Guðmundur Rafn kynnti. Kirkjugarðaráð samþykkti ársreikninginn og undirritaði hann.
3. *Verklok Guðmundar Rafns Sigurðssonar framkvæmdastjóra.* Ragnhildur kynnti. Nýr tímabundinn samningur verður gerður við Guðmund Rafn. Mun hann taka saman skýrslu um störf sín hjá kirkjugarðaráði undanfarin 32 ár, ræða hvað hefur verið framkvæmt í kirkjugörðum landsins á tímabilinu, sem og hvað hefur verið áætlað að gera en ekki komist til framkvæmda. Jafnframt verður hann nýjum framkvæmdastjóra innan handar. Kirkjugarðaráð felur Ragnhildi og Guðmundi Rafni að vinna drög að samningi sem lagður verður fyrir ráðið.
4. *Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands kvödd*. Ragnhildur flutti biskupi þakkarræðu fyrir hönd kirkjugarðaráðs.
5. *Næsti fundur.* Fimmtudaginn 19. september kl. 13:00, staðsetning verður ákveðin síðar.
6. *Önnur mál.* Engin önnur mál. Umræða um friðlýsingu Hólavallagarðs fer fram á næsta fundi kirkjugarðaráðs.

Fundi var slitið kl. 16:30.